

## Nýtt fjölmiðlafrumvarp

Menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi [frumvarp um málefni fjölmiðla](#). Í frumvarpinu er byggt á niðurstöðum svokallaðrar fjölmiðlanefndar sem var skipuð í nóvember 2004 og áttu í henni sæti fulltrúar allra þingflokka en formaður var Karl Axelsson lögmaður.

Að höfðu samráði við formenn allra þingflokka var nefnd lögfræðinga falið að semja frumvarp til laga um málefni fjölmiðla. Formaður nefndarinnar var Páll Hreinsson, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, en ásamt honum áttu sæti í nefndinni Valur Árnason, lögfræðingur í menntamálaráðuneyti, og Páll Þórhallsson lögfræðingur í forsætisráðuneyti. Starfsmaður nefndarinnar var Elfa Ýr Gylfadóttir. Meginefnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

### Gagnsæi um eignarhald fjölmiðla

Til að tryggja gagnsæi á fjölmiðlamarkaði kveður frumvarpið á um að á heimasíðu [útvarpsréttarnefndar](#) skuli birtar upplýsingar um þann sem hlotið hefur útvarpsleyfi, útvarpsstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsfni, dagskrárstefnu leyfishafa og síðari tilkynningar á breytingu hennar, reglur útvarpsstöðvarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu hennar, nafn þess einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina og úrskurði útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar.

### Ólíkir miðlar aðgreindir við leyfisveitingar

Til að mæta þessari niðurstöðu fjölmiðlanefndarinnar gerir frumvarpið ráð fyrir að útvarpsleyfi taki ymist til landsins alls eða séu staðbundin og afmörkuð við tiltekin sveitarfélög. Ákvæðið hefur þýðingu varðandi flutningsrétt á þann veg að flutningsrétturinn nær ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna útvarpsleyfi tekur til. Þar sem dagblöð eru ekki leyfisskyld eru ekki lagðar til sambærilegar tillögur um breytingar á [lögum nr. 57/1956 um prentrétt](#).

### Eignarhald á fjölmiðlum

Í frumvarpinu er kveðið á um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Þar er miðað við

25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur að þetta eigi aðeins við þær útvarpsstöðvar sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva. Sérfræðinganefndin leggur á hinn bóginn ekki til að jafnframt sé miðað við þriðjungs hlutdeild í dreifingu eða útbreiðslu. Ástæðan er sú að verði virkni flutningsreglna frumvarpsins þannig að allar íslenskar útvarpsstöðvar fái mjög víðtæka dreifingu á dagskrám sínum hverfur sá þröskuldur sem fjölmiðlanefndin ætlaðist til að væri á 25% eignarhaldsreglunni.

### Flutningsskylda og flutningsréttur

Til að tryggja framangreint kveður frumvarpið bæði á um flutningsskyldu og flutningsrétt. Varðandi flutningsskyldu geymir frumvarpið ákvæði um skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo hægt að sé að skylda fjarskiptafyrirtæki að ósk útvarpsstöðvar til þess að flytja dagskrá útvarpsstöðvarinnar um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis. Varðandi flutningsréttinn geymir frumvarpið ákvæði um skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo fjarskiptafyrirtæki geti fengið að dreifa dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu. Rýmri reglur gilda um flutningsrétt en flutningsskyldu. Þá geymir frumvarpið ákvæði um fjarskiptanet sem flutningsreglurnar taka til, auk ákvæða um málsmeðferð og framkvæmd, mælingu, uppgjorsreglur og gjaldskrá vegna flutningsreglnanna.

### Stjórnsýsla

Í frumvarpinu er lagt til að hlutverki útvarpsréttarnefndar verði breytt og það rýmkað. Nefndin fái heimild til að ráða sér til aðstoðar framkvæmdarstjóra og annað starfslíð eftir því sem fjárveitingar til nefndarinnar leyfa hverju sinni. Þá er fellt undir starfssvið nefndarinnar eftirlit og framkvæmd á tilteknum ákvæðum laga um prentrétt sem snertir eignarhald og gagnsæi. Af þeim sökum er skipunarhætti nefndarinnar breytt og er lagt til að dómsmálaráðherra tilnefni hér eftir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan og sá þriðji sé skipaður án tilnefningar af menntamálaráðherra.

### Breytingar á samkeppnislögum

[Samkeppnisefirlitinu](#) er heimilað að hafa afskipti af samruna á fjölmiðlamarkaði sem ætla má að stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu. Samkeppnisefirlitinu er þar með heimilað að grípa inn í samruna á þessu sviði á grundvelli annarra sjónarmiða en eiga við samkvæmt 1. mgr. 17. gr. gildandi [samkeppnislaga](#).

Ákvæði af þessu tagi er að finna í löggjöf margra Evrópuríkja eins og til dæmis Bretlands, Írlands og Noregs og helgast það meðal annars af því að fjölmiðlar hafi um margt sérstöðu miðað við aðra atvinnustarfsemi vegna mikilvægis þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þau sjónarmið sem þarna búa að baki eru um margt ólík þeim sem búa að baki öðrum ákvæðum samkeppnislaga. Í [tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins No. R\(99\) 1 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla](#) er mælt með því að samkeppnisyfirlit taki sérstakt tillit til sjónarmiða um fjölbreytni fjölmiðla þegar samruni eða önnur samþjöppun eignarhalds á þeim markaði er tekin til skoðunar.


Þótt önnur ákvæði frumvarpsins tryggi að vissu marki dreift eignarhald á fjölmiðlamarkaði og dragi þannig úr líkum á að einn aðili ráði ferðinni við stjórnum útbreiddustu fjölmiðla landsins þykir nauðsynlegt til viðbótar að fyrir hendi sé heimild af þessu tagi. Reglur um dreift eignarhald eitt og sér myndu til dæmis ekki koma í veg fyrir að tveir eða fleiri óháðir fjölmiðlar sameinuðust.

Rétt þykir að Samkeppnisefirlitinu sé fengið ákvörðunarvald um hvort stöðva eigi samruna eða séu honum skilyrði á ofangreindum forsendum en ekki öðru stjórnvaldi. Helgast það af því að Samkeppnisefirlitið kann að hafa samruna til athugunar á grundvelli 17. gr. gildandi samkeppnislaga og því þykir hagfeldast að um hann sé fjallað í einu máli á grundvelli hefðbundinna samkeppnissjónarmiða og jafnframt á grundvelli sérsjónarmiða um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga.

## Skólar fá kvikmyndir til afnota

[Menningar- og styrktarsjóður SPRON](#) hefur gert samkomulag við kvikmyndafélagið Umba um sýningarrétt á tveimur kvikmyndum byggðum á sögum Halldórs Laxness til sýninga á öllum skólástigum. Kvikmyndirnar eru *Ungrúin góða og húsið* og *Kristnihald undir jökli*.

Guðný Halldórsdóttir kvikmyndagerðarkona, dóttir Halldórs Laxness, afhenti fulltrúa menntamálaráðuneytis og fulltrúa Námsgagnastofnunar eintök af myndunum en [Námsgagnastofnun](#) sér um að dreifa þeim til skólanna. Myndirnar eru gefnar út með texta



fyrir heymarskerta að viðbættu ítarefni og á erlendum málum.

Samningurinn um sýningarréttinn er til 11 ára.

Þetta er mikill fengur fyrir skólakerfið þar sem sýningarréttur kvikmynda er dýr og ekki mögulegt fyrir skólana að fullnægja mikilli eftirspurn kennara eftir kvikmyndum til kennslu, einkum kvikmyndum sem byggðar eru á íslenskum bókmenntum. Vegna þess hve lifandi myndir skipa háan sess í umhverfi barna og ungmenna eru kvikmyndir vísasta leiðin til að vekja áhuga þeirra á bóklestri.

Þess vegna var vel til fundið að afhenda myndirnar á degi bókarinnar 23. apríl sem er fæðingardagur Halldórs Laxness. Afhendingin fór fram að [Gljúfrasteini](#).

